

ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Guðmundi Péturssyni vélstjóra, en uppkvaðning dómsins hefur dregizt um venju fram vegna mikilla anna.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnendur, Valgarður Guðjónsson og Guðjón Jónsson, aðalstefnanda, Benedikt Björnssyni f. h. Sævíkur h/f, kr. 76.981.57 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 39.515.90 frá 1. febrúar 1963 til 5. nóvember 1964 og af kr. 76.981.57 frá þeim degi til 31. desember 1964, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök á aðalstefnandi, Benedikt Björnsson f. h. Sævíkur h/f, að vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Valgarðs Guðjónssonar og Guðjóns Jónssonar.

Gagnstefnendur greiði aðalstefnanda kr. 15.000.00 í málskostnað í aðalsök.

Málskostnaður fellur niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 3. nóvember 1971.

Nr. 144/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Arngrími Jónssyni**

(Benedikt Sveinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

**Fiskveiðabrot.**

**Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðar-ákvarðanir varðskipsmanna. Í greinargerð skólastjórans, dagsettri 11. október 1971, segir svo:

„A = staður varðskipsins kl. 0915 h. 29/4 '71 hjá bátnum. Staður A mælist um 0,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Í sama sjókort hef ég einnig sett út staðarákvörðun varðskipsins kl. 0915 með því að taka tillit til þeirrar fjarlægðarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur Kelvin Hughes ratsjár varðskipsins viðurkenna ( $\pm 2\frac{1}{2}\%$  af fjarlægðum fyrir færanlega fjarlægðarhringinn), staður A<sub>1</sub> auðkenndur með rauðum lit. Staður A<sub>1</sub> mælist 0,1—0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna“.

Að tilhlutan Hæstaréttar var háð framhaldsrannsókn í málinu. Fyrir sakadóm komu aftur skipherra varðskipsins, Þröstur Sigtryggsson, og Kristinn Jóhann Árnason, sem var 1. stýrimaður varðskipsins hinn 29. apríl 1971. Var þeim kynnt efni undirréttardómsskjals nr. 1, þ. e. skýrsla Landhelgisgæzlunnar, dags. 29. apríl 1971. Framburður skipherra var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að það, sem við er átt í skýrslum þess með staðnum Gálgum, sé radarendurvarp frá fjarskiptaskermum varnarliðsins, sem eru stutt frá þríhyrningamælistaðnum Gálgum. Vitnið hefur ekki mælt fjarlægð skermanna frá umræddum punkti, en áætla hana vera 100—200 metra í suðvestlæga stefnu frá Gálgum. Útsetningin í sjókortin er sett frá þríhyrningamælistaðnum.

Vitnið kveðst ekki gera þetta að ástæðulausu, heldur í samræmi við athugun, sem það gerði með sextant og ratsjá kl. 11.48 hinn 29. apríl s.l.“.

Skipherra var að því spurður, „hvaða punktur í Eldey hafi verið notaður til viðmiðunar í mælingunum“. Kvað skipherrann, „að í þessari fjarlægð frá Eldey komi hún aðeins fram í radarnum sem einn punktur og á venjulegan hátt mæld fjarlægð til hans“.

Framburður 1. stýrimanns var svohljóðandi:

„Vitnið segir, að í radar varðskipanna sjáist greinilegur punktur, sem skipstjórnarmenn álíti vera fjarskiptaskerma varnarliðsins á Stafnesi. Skermarnir eru það nálægt þríhyrningspunkti, sem er á Stafnesinu, að óhætt er talið að setja fjarlægðir út frá þeim punkti, og er það venjulega gert. Er

í þessu efni talað um staðinn Gálga á meðal skipstjórnarmanna á varðskipum ríkisins. Aðspurt kveðst vitnið aðeins hafa athugað staðinn af sjó, en aldrei á landi“.

Málið var af nýju borið undir Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans. Greinargerð skólastjórans, dagsett 28. október 1971, er svohljóðandi:

„Samkvæmt framburði skipherra og 1. stýrimanns varðskipisins var staðarákvörðun varðskipsmanna hjá bátnum gerð með radarfjarlægðum frá Eldey og fjarskiptaskermum varnarliðsins sunnarlega á Stafnesi. Fjarlægðin frá fjarskiptaskermunum er hinsvegar sett út frá þrihyrningamælistaðnum Gálgum, enda eru skermarnir ekki merktir í sjókorti nr. 31.

Á loftmynd, sem Landmælingar ríkisins hafa tekið af þessu svæði, hef ég mælt fjarlægðina milli Gálga og fjarskiptaskermisins, sem er lengst frá Gálgum. Samkvæmt því er fjarlægðin um 260 metrar eða um 0,14 sjóm. og áttin frá Gálgum til skermisins um 223° réttvísandi.

Við útsetningu í sjókort nr. 31 get ég ekki fundið, að þessi munur á staðnum, sem fjarlægðin var mæld til, og staðnum, sem hún var sett út frá, hafi mælanleg áhrif á fjarlægð staðanna A og A<sub>1</sub> frá bannsvæðismörkunum, þ. e. línunni réttvísandi vestur frá Stafnesi“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins verður að telja sannað, að skip ákærða, m/b Hafnarnes, SI 77, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Ákvæði laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, eru reist á þeim sjónarmiðum, að skipstjóri beri eindregna fjársektarábyrgð á því, er fiskiskip hans stundar ólöglegar veiðar innan fiskveiðimarkanna. Ákvæði laganna gera og ráð fyrir því, að ekki verði aðrir skipverjar saksóttir fyrir fiskveiðibrot. Samkvæmt þessu verður að telja ákærða ábyrgan fyrir sekt þeirri, sem til hefur verið unnið eftir lagaboðum þeim, sem í ákæru greinir, en honum verður eigi dæmd refsivist til vara, þar sem hann átti ekki saknæman þátt í brotinu.

M/b Hafnarnes, SI 77, er 228 rúmlestir brúttó. Samkvæmt

vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 21. október 1971, jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlacrónum.

Ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rkissjóðs, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Arngrímur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. maí 1971.

Ár 1971, laugardaginn 1. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómarasem dómsformanni og skipstjórunum Halldóri Ingimarsyni og Guðna Jónssyni sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 210/1971: Ákærvaldið gegn Arngrími Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 30. apríl 1971, höfðað á hendur Arngrími Jónssyni, Hafnartúni 2 á Siglufirði, fæddum 24. júní 1939 á Akureyri, skipstjóra á vélskipinu Hafnarnesi, SI 77, sem er 228 brúttó rúmlestir, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., 2. tl., reglugerðar nr. 23/1971 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 2. gr., E 5, laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndu skipi fimmtudagsmorguninn 29. apríl 1971 í Miðnessjó á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 2. gr., E 5 og E 9, laga nr. 21/1969, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971.

Ákæríst því nefndur Arngrímur til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., sbr. 7., nú 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 23/1971, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds skips og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Fimmtudaginn 29. apríl 1971 kom varðskipið Óðinn að m/b Hafnarnesi í Miðnessjó, en þá var báturinn að toga með stjórnborðsvörpu. Samkvæmt skýrslu skipherra varðskipsins, Þrastar Sigtryggssonar, var kl. 0915 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

„Eldey, fjarl. 14,8 sjóm.

Gálgar, fjarl. 10,0 sjóm.

gefur það stað bátsins um 0,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Kl. 0916 var gerð önnur staðarákvörðun, og reyndist hún hin sama og á fyrrgreinda staðnum.

Um kl. 1100 var skipstjóra bátsins sagt að halda til Reykjavíkur, þar sem mál hans verður tekið fyrir.

Kl. 0820 var gerð athugun á lausa hring ratsjárinnar, og reyndist hann sýna 0,2 sjóm. of mikið. Í fjarlægðum hér að framan er reiknað með þessari skekkju.

Athuganir voru gerðar á KH ratsjá af 1. og 2. stýrimanni undir umsjón skipherra.

Veður: ASA 3, regn, sjólítið“.

Samkvæmt framburði skipherra, Kristins Jóhanns Árnasonar, 1. stýrimanns, og Hálfðánar Henryssonar, 2. stýrimanns, gerðu stýrimennirnir staðarákvarðanirnar undir umsjón skipherra, og hafa þeir allir staðfest, að ákvarðanirnar séu rétt tilgreindar.

Ákærði, Arngrímur Jónsson, var skipstjóri á m/b Hafnarnesi greint sinn, en báturinn er 228 brúttó rúmllestir. Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið sofandi, er mælingar þær fóru fram, er um getur hér að framan. Stýrimaðurinn, Ólafur Rögnvaldsson, hafi verið í brúnni þá. Hann hafi gefið Ólafi þau fyrirmæli um kl. 0400 að fara ekki inn á lokaða svæðið, en nokkru fyrr hafi fjarlægð bátsins frá Eldey verið 13 sjómílu.

Stýrimaðurinn, Ólafur Jóhann Rögnvaldsson, Hlíðarvegi 3, Siglufirði, kveðst hafa verið við stjórn í m/b Hafnarnesi á umræddum tíma. Um nóttina fyrir atvik málsins hafi varpan orðið óklár og ekki komið í sjó fyrr en laust fyrir kl. 0900 um morguninn. Samkvæmt mælingum sínum hafi báturinn þá verið alveg við suðurmörk línunnar og togstefna verið VSV, en hann hafi fljótlega orðið var við varðskipið og breytt þá stefnunni í SSV. Stýrimaðurinn hefur sýnt í dómi staðarákvörðun, er hann

setti út í sjókort rétt eftir köstun um kl. 0900 um morguninn, en eigi hefur hann getað tilgreint, hvaða fjarlægðir hann mældi þá. Stýrimaðurinn hefur talið, að hann hafi ekki farið inn fyrir línu hólfins greint sinn.

Samkvæmt gögnum málsins liðu um 2 klukkustundir frá mælingum varðskipsmanna, þar til samband var haft við ákærða og honum tilkynnt um kæru. Hefur dráttur þessi eigi verið réttlættur. Þannig gafst hvorki ákærða né skipsmönnum hans kostur á því að staðreyna mælingar varðskipsmanna. Þrátt fyrir hnökra þá, er á hafa orðið að þessu leyti, þykir með staðarákvörðunum varðskipsmanna, er þeir hafa staðfest fyrir dómi, vera sannað, að m/b Hafnarnes hafi á þeim tíma, er í ákæru greinir, verið að togveiðum innan marka þeirra, sem um ræðir í 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 23/1971, en þar er lagt bann við togveiðum á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1971 á svæði, sem takmarkast að norðan af línu réttvísandi vestur frá Garðskaga og að sunnan af línu réttvísandi vestur frá Stafnesi út að takmörkum fiskveiðilandhelginnar. Er reglugerð þessi sett með stoð í 2. gr., E 9, laga nr. 62/1962, eins og þau lög hafa breytt með lögum nr. 21/1969. Hefur skip ákærða verið að veiðum 0.4 sjómílu norðan við syðri mörk þessa svæðis.

Ákærði er sem skipstjóri refsíabyrgur að þessu leyti, þótt fram hafi komið, að hann var ekki við stjórn skipsins, er varðskipsmenn ákvörðuðu stað þess.

Ákærði verður samkvæmt þessu dæmdur í refsingu samkvæmt 1. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 62/1967, sbr. breyting með lögum nr. 21/1969, og verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenzkrar krónu (1 gullkróna: 3.992.93 pappírskrónur) 600.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs.

Vararefsing verður ekki dæmd, þar sem ekki er sannað, að ákærði hafi átt saknæman þátt í brotinu.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber að gera veiðarfæri skipsins upptæk til handa Landhelgissjóði svo og afla þann, sem er í skipinu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Sveinsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Arngrímur Jónsson, greiði 600.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða er eigi gerð vararefsing við framangreinda sektar-greiðslu.

Allur afli og veiðarfæri Hafnarness, SI 77, eru gerð upp-tæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-arlaun skipaðs verjandi síns, Benedikts Sveinssonar hæsta-réttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 11. nóvember 1971.

Nr. 36/1970. **Eiríkur Guðlaugsson**  
(Vilhjálmur Þórhallson hrl.)  
gegn  
**Ramma h/f og gagnsök**  
(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Vinnuslys. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1970. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 403.434.00 með 7% ársvöxtum frá 24. ágúst 1967 til greiðsludags svo og máls-kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. marz 1970. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn falla niður.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna. Aðaláfrýjandi hefur gefið skýrslu fyrir dómi svo og fram-